

Samfélagsfræði í 10. bekk

Í samfélagsfræði í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku. Kennarar er Stefán Steingrímur Bergsson og Tara Brynjarsdóttir.

Í kennslustundum er lögð áhersla á skilning á hugtökum, sjálfsmynd, þjálfun gagnrýnnar hugsunar, markverða sögulegu atburði 20. aldar, málefni líðandi stundar í tengslum við námsefnið, samræður, mat á heimildum og upplýsingalæsi svo eitthvað sé nefnt. Þessi kennsluáætlun gildir út skólaárið með fyrirvara um breytingar. Fyrir flesta tíma þurfa nemendur að hafa lesið/hlustað heima, yfirleitt 2-4 blaðsíður. Milli samfélagsfræði og lífsleikni verður ákveðið flæði, t.d. þannig að nemendur munu einnig vinna að sjálfsmyndarritgerðinni í lífsleikni tímum. Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar og verður uppfærð eftir áramót, sérstaklega með tillit til ferða út úr húsi.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat
Stjórnmal og lýðræði Frá skólabyrjun fram að föstudeginum 10. október.	Bókin Á ferð um samfélagið: https://mms.is/namsefni/a-ferd-um-samfelagid-rafbok (og hljóðbók)	☐ Nemandi getur útskýrt hugmyndina um þriggri greiningu ríkisvaldsins ☐ Nemandi þekkir hægri/vinstri ás stjórnmalanna og getur tekið dæmi til útskýringa ☐ Nemandi getur útskýrt muninn á beinu og óbeinu lýðræði og tekið dæmi til útskýringa ☐ Nemandi þekkir til sögulegrar þróunar lýðræðis	☐ Tvær stuttar kannanir
Kalda stríðið Frá mánudeginum 13. október fram að föstudeginum 5. desember	Bókin Frelsi og velferð: https://mms.is/namsefni/frelsi-og-velferd-saga-20-aldar-ii-rafbok Bls: 4-45. og bls. 58.-71.	☐ Nemandi þekkir og getur borið saman mismunandi samfélagsgerðir ☐ Nemandi þekkir hugmyndina um hægri/vinstri ás stjórnmalanna og getur tekið dæmi til útskýringa	Munnleg tjáning, nemandi getur valið: ☐ Hlaðvarp ☐ Myndband ☐ Munnlegt próf ☐ Ræða ☐ Tónlist

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat
		Nemandi getur lesið, rýnt og greint upplýsingar um söguleg viðfangsefni. Nemandi getur tengt sögulega atburði við nútímann	
Sjálfsmynd og félagsfræði Frá 8. desember fram að 17. febrúar.	Bókin <i>Á ferð um samfélagið</i> : https://mms.is/namsefni/a-ferd-um-samfelagid-rafbok (og hljóðbók) Bl: 4-65.	- Nemandi getur beitt hugtökum við að gera grein fyrir eigin sjálfsmynd og hvað hefur haft áhrif á hana - Nemandi getur gert grein fyrir skráðum og óskráðum reglum samfélagsins á gagnrýnninn hátt - Nemandi getur gert grein fyrir hvaða stöðu og hlutverki hann gegnir í mismunandi hópum - Nemandi getur fjallað á almennan hátt um áhrif staðalmynda og fyrirmynda á börn og ungmenni - Nemandi getur beitt hugtökum félagsfræði á gagnrýnninn hátt	Ritgerð þar sem nemandi skoðar sjálfan sig í tengslum við sjálfsmynd sína og félagsfræðileg hugtök. Myndasería/myndband má vera hluti af ritgerðinni í samráði við kennara. Skil á ritgerð er í síðasta lagi 17. febrúar.
Samfélagslegt álitamál Frá þriðjudeginum 24. febrúar fram að föstudeginum 27. mars (síðasti dagur fyrir páska)	Efni frá kennara og fleira.	- Nemandi áttar sig á að þegar meta skal upplýsingar getur verið mikilvægt að skoða hver setur þær fram - Nemandi hefur vald á og getur beitt einföldum aðferðum eigindlegra og megingdlegra rannsókna - Nemandi getur komið með tilgátur um hvað liggur að baki skoðunum fólks	Skýrsla. Nemandi velur sér eitt álitamál til að fjalla um og gerir grein fyrir báðum hliðum á hlutlægan hátt.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat
Sjálfbærni 7. – 30. apríl	Efni frá kennara og fleira. Sjálfbærnin kemur við sögu annað veifið yfir veturinn til að auðvelda nemendum námið þegar kemur að þessu tímabili.	Kemur seinna.	□ Dagbók. Rafræn eða skrifleg.

Verkefnalýsingar, skilafrestir, prófadagar og áherslur birtist á mentor og classroom.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim Laugó-hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Nemendur geta óskað eftir að taka próf og kannanir munnlega. Ef spurningar vakna varðandi hvaðeina er varðar samfélagsfræðina má ávallt hafa samband, hvort sem er í tölvupósti eða hringja í Stefán, 863-7562.

Kær kveðja,
Stefán og Tara.